

REGLUGERÐ

um (13.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsg. sem verður 3. málsg. svohljóðandi: Ákvæði þessarar greinar ná ekki til lækna, sem sviptir hafa verið lækningaleyfi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. febrúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 95

18. febrúar 1993

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Höfn árið 1993.

1. gr.

Bæjarfélaginu Höfn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) fyrir árið 1993.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert sorpílát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í bæjarfélaginu og skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Heimilt er að fella niður sorphreinsigjald hjá þeim aðilum sem sjálfir annast alla hreinsun sorpsins. Sorpeyðingargjald skal innheimt miðað við áætlaðan fjölda sorpíláta að mati bæjarráðs Hafnar.

4. gr.

Gjald fyrir árið 1993 er sem hér greinir:

	Kr.
Sorphreinsigjald	4 500
Sorpeyðingargjald	1 500
Samtals sorphirðugjald	6 000

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hafnar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 18. febrúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.